

## Fundargerð

7. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2020-2022, þriðjudaginn 26. janúar 2021 á Zoom.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Guðlaug Baldvinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, ~~Fjóla Signý Hannesdóttir~~, Gunnar Svavarson, Eiríkur Mörk Valsson, ~~Björg Ágústsdóttir~~, ~~Björgvin Víkingsson~~, Kristín Birna Ólafsdóttir-Johnson, Íris Berg Bryde verkefnastjóri og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð frá 6. fundi stjórnar 2020-2022 hafði verið afgreidd án athugasemda.

### 2. RIG

Varaformaður fer yfir RIG, allt í undirbúningi. Erfiðleikar að koma fólki saman miðað við takmarkanir, en allir munu gera sitt besta. Formaður telur undirbúning vera í fullum gangi og gengur vel. Verkefnastjóri segir að allir þættir séu í vinnslu s.s. sjónvarpsútsendingin.

### 3. Afreksmál

Stjórn samþykkir uppfærða afreksstefnu sem afreksstjóri gerir grein fyrir en stefnan var til umræðu á síðasta stjórnarfundum. Ekki hafa borist ábendingar milli funda og eru breytingarnar óverulegar. Skrifstofa mun kynna breytingarnar m.a. á heimasíðu.

### 4. Fjarfundir með héruðum – Opinn formannafundur

Formaður gerir grein þeirri hugmynd sinni að, tengiliðirnir, haldi fundi með héruðum í anda opinna stjórnarfunda. Formaður og framkvæmdastjóri stefna að því að halda rafrænum formannafund á næstu vikum.

### 5. Hlaupaverkefnið

Sagt frá störfum langhlaupanefndar. Formaður fór yfir sviðið og m.a. fjármagn er til fellur í hinum og þessum þáttum. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir næstu skrefum.

### 6. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri gerði grein fjölgun í starfsmannahaldi. Stjórn tók vel undir þá ákvörðun ráða nú aðila til að dekkja miðlun- og fjölmiðlun.

### 7. Önnur mál

a. Mótahald. Verkefnisstjóri gerir grein fyrir skipulagi móta miðað við sóttvarnartakmarkanir og hvernig skipta má mótinu upp í sóttvarnarhólf. Sérstaklega rætt um Meistaramót Íslands í fjölþrautum og öldunga sem fram á að fara helgina 21.-22. febrúar í Laugardalshöll.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 17:29 með því að fundarmenn gerðu grein fyrir markmiðum sínum er varðar millitíma og endaspretti á árinu.*

*Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.*